

## NÚVERANDI ÁSTAND

**AFMÖRKUN DEILISKIPULAGSSVÆÐISINS**

Skipulagssvæðið „Hafnarvík - Heppa“ afmarkast af bryggjunni fyrir framan Miklagarð, Graðaloftið, Pakkhúsið og Hafnarvogina á Höfn, opið svæði neðan Bogaslóðar, upp með Hafnarbrautinni þar sem lóðir n.r. 6, 4, og 2 eru hluti af deiliskipulagssvæðinu, athafnasvæðið í átt að sláturhúsinu, þ.e Kartöfluhúsið og lóð þess, Gislaverkstæðið og rústimar.

**NÚVERANDI ÁSTAND**

Hafnarvík - Heppa er mikilvægt svæði vegna sögu byggðarlagsins, varðveislu bygginga og staðsetningar við höfnina. Innan skipulagssvæðisins er gamla hafnarsvæðið á Höfn og kjarni elstu byggðar sem hófst þar árið 1897. Innan svæðisins standa enn nokkur elstu húsnanna, í misgóðu ástandi, sum er hægt að lagfæra, önnur að endurbjggja. Innan svæðisins er ennfrumur landrymi til að skilgreina nýjar byggingarlóðir, á eina þeirra er gert ráð fyrir að Gamlabúð verði flutt, á öðrum er gert ráð fyrir að reistar verði endurgerðir horfinna húsa, og enn öðrum nýbyggingar skv. skilmálum. Í dag er svæðið og húsnæði þar nýtt undir ýmsa starfsemi svo sem veitingarekstur, safna- og listastarfsemi, léttan iðnað, geymslurými, athafnasvæði fyrir sjávarútveg og íbúðir. Deiliskipulagssvæðið er eitt af kjarnasvæðum í þeim sveig sem afmarkar miðhluta Hafnar - milli tveggja gatnamóta Hafnarbrautar og Víkurbrautar - og er þungamiðja verslunar og þjónustu auk annarrar atvinnustarfsemi.

Um hús sem byggð eru fyrir 1918 gilda „Lög um húsafriðun“ nr. 104 / 2001. Um deiliskipulagssvæðið og athafnir á því gilda „Þjóðminjalög“ nr. 107 / 2001.

Mannvistarminjar kunna að vera duldar í jörðu á deiliskipulagssvæðinu. Við framkvæmdir skal fara að fyrirrælum í „Þjóðminjalögum“.

### GREINARGERÐ

Ekki hefur áður verið til staðfest deiliskipulag af reitnum.

Í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 1998-2018 er deiliskipulagssvæðið sýnt með fjórum landnotkunarflokkum, stærstur hluti þess - austan Víkurbrautar - er á „svæði fyrir þjónustustofnanir“, lóðimar norðan Hafnarbrautar eru á „miðsvæði“, lóð hafnarvogar og kartöfluhúsið á „athafnasvæði“, og bryggjur á „hafnarsvæði“.



Hafnarvík / Heppa — deiliskipulagssvæðið



Höfn – Hafnarvík / Heppa 1950–1960



Íshúsið / Verðandi / Mikligarður um 1930



Íshúsið / Graðaloftið / Mikligarður um 1945



Graðaloftið / Mikligarður 2008

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir því að gömlu fiskverkunarskemmurnar norðan við deiliskipulagssvæðið (norð-austan við Kaupfélagshúsið) verði fjarlægðar og að Víkurbraut liggji yfir grunnstæði þeirra og meðfram lóð Kaupfélagshússins. Í deiliskipulagi þessu er ekki heimilað að reisa mannvirki önnur en götur, gangstéttir og bílastæði í því vegstæði. Sá fyrirvarir er því gerður að ef / þegar til þess kemur að stefnumörkun aðalskipulagsins um þessi atríði verði framfylgt, verði gerð breyting á deiliskipulagi þessu sem feli í sér leiðréttingar og viðbörg við því. Bílastæðum verði þá komið fyrir austan Víkurbrautir til að vega upp á móti þeim sem tapast vegna flutnings götunnar. Deiliskipulagið telst því í samræmi við staðfest Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 1998-2018.

**MARKMIÐ / MEGINHUGMYND / VARÐVEISLA**
Eitt meginmarkmið deiliskipulagsins er að stuðla að varðveislu húsnanna sem enn standa í elsta byggðarkjarna Hafnar og að endurreisa mynd hans í fyllingu tímans. Gert er ráð fyrir að framvinda samkvæmt skipulaginu verði í áföngum og ráðist af aðstæðum. Gamlabúð verði flutt og víðgerð á Miklagarði og öðrum húsum undirbún, og í framhaldi byggðar eftirgerðir húsa sem horfin eru og aðrar nýbyggingar í samræmi við þau. Í deiliskipulaginu er leitað við að raða húsum og byggingareitum þannig að þeir myndi heillega og sannfærandi þyrpingu og leggi Höfn til áhugavert bæjarými. Efst á Heppu verður opið útivistarsvæði sem getur ma. nýst til mannfagnaða. Með deiliskipulaginu er skilgreind lóð fyrir Gömlubúð og undirbúinn flutningur hennar til baka á stað nærri þeim sem hún stóð á þegar hún var reist á Höfn árið 1897. Skilgreindir eru byggingarreitir fyrir nýbyggingar sem munu geta hýst margvíslega starfsemi. Deiliskipulaginu er ætlað að stýðja við uppbyggingu atvinnu- og menningargilfs á Höfn með því að móta starfhæfa umgjörð um fjölbreyttar athafnir í hjarta byggðarinnar - við útgerð og sjósókn, léttan iðnað og þjónustu, söfn, sýningarrými og gestastofur.

### SKILMÁLAR / FORSENDUR

Innan skipulagssvæðisins eru skilgreindar 12 lóðir, Hafnarbraut 2, 4 og 6, Kartöfluhús, Mikligarður / Graðaloft / Íshúsið eða Vindheimur, Pakkhús, Gamlabúð, Víkurbraut/Heppa nýbyggingar, Sláturhús - aðkoma og bílastæði, Gislaverkstæði, Verðandi / Bíóbraggi, Hafnarvog. Sumar lóðanna eru „nýjar“, aðrar hafa verið skilgreindar áður en lögun þeirra nú breytt, lítilllega. Ýmist er gert ráð fyrir viðhaldi eldri húsa og / eða uppbyggingu í þeirra mynd, eða heimilað að byggja ný hús skv. skilmálum.

Á tveimur lóðanna standa rústir eða tóftir húsa. Þær verða varðveittar skv. skipulaginu þar til nýframkvæmdir hefjast á lóðunum. Komíð verður í veg fyrir slysahættu í rústunum með merkingum og lágum varnargirðingum.

Bílastæðum er ýmist komið fyrir innan lóða eða á sameiginlegum bílastæðareitum. Bílastæðareitirnir eru á fjórum stöðum á óskilgreindum lóðum í bæjarlandi, 7 stæði við Víkurbraut gegnt Hafnarvog, 23 stæði við Víkurbraut austan við lóð Kaupfélagshússins, 17 stæði við Víkurbraut við nýja byggingarlóð suðvestan Kartöfluhússins, og 5 stæði á hafnarsvæði suðaustan við Pakkhúsið. Á planinu milli Sláturhússins og Gislaverkstæðis eru 4 stæði. Á planinu sem er hluti lóðar Sláturhússins er aðkoma að hluta þess - en það er utan deiliskipulagssvæðisins. Bílastæðafjöldi tilgreindur í skilmálatöflu er markgildi sem telst fullnægja þörf vegna uppbyggingar sem heimiluð verður - uppgæfnn fjölda bílastæða á öllum lóðum er því hámarksheimild. Kvöð um tilkall lóða til afnota af bílastæðum í sameiginlegum reit skal þinglýsa, og samræma samningi um frágang, merkingar og viðhald. Utan deiliskipulagssvæðisins en í nágrenni þess er fjöldi bílastæða sem nýlast munu vegna umferðar um það og athafna á því.

Kvöð um vatnslögn er á tveimur stöðum á deiliskipulagssvæðinu, við Víkurbraut á lóðum Gömlubúðar og Pakkhússins, og milli Víkurbautar og Heppu á nýbyggingarlóð suðvestan við Kartöfluhús. Á báðum stöðum skal virða kvöðina og hafa samráð við yfirvöld um aðgerðir.



Verslunarhús / Kaupfélagshús / Pakkhúsið



Verslunarhús / Kaupfélagshús

## SKILMÁLAR EINSTAKRA LÓÐA

**SKILMÁLAR EINSTAKRA LÓÐA**

**Gamlabúð**

„Gamlabúð“ var byggð sem verslunarhús við Papós árið 1864. Húsið var flutt til Hafnar árið 1897 og komið fyrir við Hafnarvík þar sem það stóð til ársins 1977 þegar það var flutt inn fyrir byggðina á Höfn þar sem það hefur síðan hýst byggðasafn. Eitt aðalmarkmið deiliskipulagsins er að skilgreina Gömlubúð lóð og undirbúa flutning hennar til baka á stað nærri þeim sem hún stóð á þegar hún var fyrst reist á Höfn eftir flutning frá Papósi.

Á nýrri lóð Gömlubúðar verður heimilt að endurbyggyja húsið - tvílyft timburhús á steinsteypum og grjóthlóðnum kjallara. Um flutning og endurgerð hússins skal hafa samráð við húsaverndunaryfirvöld og fara að víðurkenndum aðferðum um viðhald og endurgerð gamalla húsa.

Byggingarreitur er skilgreindur á lóðinni, og skal húsinu komið fyrir innan hans. Mænisstefna er ekki fastbundin, en miðað er við að innan byggingarreitsins sé svigrúm til að snúa húsinu þannig að Gaff þess viti að Hafnarbraut, en um leið falli húsið sem best að landslagi og verði lagað að hæðarsetningu húsnanna umhverfis. Kjallaragölf Gömlubúðar verður lítið eitt hærri en neðra gölf Pakkhússins, millið hæð þess - aðalgölf / nærri kóta 6 í landhæð - lítilllega hærra en efri hæð Pakkhússins, en land á milli lagað að því.

Heimilt skal að laga smærri viðbyggingar og / eða bíslög á Gömlubúð innan byggingarreits í því skyni að koma henni sem best fyrir á nýrri lóð - í samræmi við forsjón til þess hæfra aðila. Við Gömlubúð (óháð byggingarreit) skal heimilt að koma fyrir þurrkhjalli þeim sem stæðið hefur með húsinu á svæði byggðasafnsins - hjallurinn er að stofni til hluti hússins „Vindheims“.

Húsið verður notað í þágu safnastarfs og þjónustu við ferðamenn. Bílastæði vegna hússins eru á sameiginlegum reitum utan lóðar.

**Pakkhús**

Pakkhúsið var byggt um 1930. Nýlega voru framkvæmdar á húsinu gagngerar víðgerðir og hefur það síðan hýst safnastarfsemi og veitingasölu ásamt annarri verslun. Á lóð og byggingarreit Pakkhússins verður heimilt að halda húsinu við og / eða endurgera að fullu - tvílyft klús, neðri hæð steinsteypd, efri hæð og þak úr timbri - klætt bárujárnri. Við viðhald hússins skal miðað við upprunalega gerð þess. Heimilt er að reisa skjólpök og smærri skjólvirki við neðri hæð hússins. Heimilt er að byggja við húsið til norðurs, innan byggingarreits, enda verði form og frágangur lagaður að eldri gerð hússins. Heimilt skal að reisa skorstein – sívalt málmrör allt að 3m upp fyrir mæni – fyrir loftrásingu innan byggingarreits við norðurgalli núverandi húss, enda sé öllum ákvæðum varðandi brunavarnir fullnægt. Í húsinu verður veitingasala og þjónusta við ferðamenn í sambandi við safna- og menningarstarfsemi. Bílastæði vegna hússins eru á sameiginlegum reitum utan lóðar.



Gamlabúð / Verðandi / Íshúsið / Pakkhúsið



Gamlabúð



Vindheimur 1932–1933

**Mikligarður / Graðaloft / Íshúsið / Vindheimur**
**Mikligarður** var byggður 1919-1920 sem verbúð og atvinnuhús. Það hefur hýst margvíslega starfsemi og fjölskrúðugt mannlíf.

Með deiliskipulaginu er lóð og form Miklagarðs staðfest, og með því undirbún víðgerð og / eða endurgerð hússins sem er tvílyft, steinsteypd neðri hæð, efri hæð úr timbri.

Um víðgerðir og endurgerð hússins skal hafa samráð við húsaverndunaryfirvöld og fara að víðurkenndum aðferðum um viðhald og endurgerð gamalla húsa.

**Graðaloftið** var byggt 1944 fyrir aðstöðu fyrir net og beitingar. Graðaloftið stendur þar sem áður stóð vestasti hluti Miklagarðs. Á lóð Graðaloftsins skal annars vegar heimilt að gera við eða endurgera húsið í sinni mynd - þrílyft steinsteypd hús með valmapaki. Hins vegar skal heimilt að fjarlægja það í því skyni að endurbyggyja vestasta hluta Miklagarðs sem stóð áður þar sem Graðaloftið stendur nú.

Heimilt skal að tengja á neðstu hæð byggingarreit Graðalofts við byggingarreit aftan við hann (byggingarreit „Íshúss“) í því skyni að byggja stærri samfellda byggingu verði það talið æskilegt. Heimilt skal að laga smærri viðbyggingar og skjólvirki að Miklagarði og Graðalofti innan byggingarreits til að skýla inngöngum osfrv., enda sé útlit þeirra lagað að húsunum.

Lóðarmörk lóðar Miklagarðs / Graðalofts að bryggjum eru 3m framan við húsin. Þar skal vera kvöð um umferð gangandi fólks meðfram húsunum, og ekki bílaumferð eða annarra ökutækja. Mörkinn verða aukennnd með merkingum eða með yfirborðsfrágangi.

Fjölbreytt starfsemi verður í húsunum, gistirými, safnastarfsemi og sýningarrými, menningarstarfsemi, þjónusta við ferðamenn, veitingasala ofl., þjónusta við sjómenn og aðra sem starfa á bryggjunni framan við.

**Íshúsið / Vindheimur**
Íshúsið var steinsteypd einnar hæðar hús byggt 1920 til geymslu á ís og kælingar. Það var rífið „um miðja öldina“. Verbúðin Vindheimur var byggð árið 1910 og stóð bak við húsin á Hafnarbraut 2 og 4. Langt er síðan húsið var rífið nema hluti þess, þurrkhjallur, sem enn er til og stendur við byggðasafnið í Gömlubúð. Heimilt skal að byggja nýtt hús á lóð Íshússins (sameiginlegri lóð Graðalofts og Íshússins) sem hafi annað hvort form og umfang Íshússins eða Vindheims. Um endurgerð hússins skal leitað við að afla sem bestra heimilda um hvort húsið sem valið verður sem fyrirmynd og byggja í þess mynd eftir föngum. Húsið gæti eftir atvikum tengst Verðandi og Graðalofti (nýbyggingu á lóð þess), og nýst fyrir ýmsa starfsemi á svæðinu, í samræmi við markmið deiliskipulagsins.

Bílastæði vegna húsnanna eru á sameiginlegum reitum utan lóða.

**Gislaverkstæði / Pétursverkstæði**
Gislaverkstæði var byggt 1953, einlyft steinsteypd hús með valmapaki. Á lóð og byggingarreit Gislaverkstæðis verður heimilt að halda húsinu við og / eða endurgera að fullu - einlyft steinsteypd hús, með bárujármsklæddu timburpaki.

Heimilt skal að laga smærri viðbyggingar og skjólvirki að húsinu til að skýla inngöngum osfrv.. Fjölbreytt starfsemi skal heimil í húsinu, atvinnustarfsemi tengd annarri starfsemi í grenndinni, safnastarfsemi og sýningarrými, menningarstarfsemi, þjónusta við ferðamenn, veitingasala ofl..

Bílastæði vegna hússins eru á sameiginlegum reitum utan lóðar.

**Verðandi / Bíóbraggi**

Verðandi var skrifstofu- og verslunarhús byggt 1921 tvílyft timburhús á steypum sökkli. Húsið var rífið 1971, en tóft þess stendur enn. Heimilt skal að byggja nýtt hús á lóð Verðandi sem hafi form og umfang upprunalegs húss. Um endurgerð hússins skal leitað við að afla sem bestra heimilda um Verðandi og byggja í hans mynd eftir föngum.

Meðan ekki verður að nýbyggingu skal ekki spilla tóftinni, en tryggja að af henni stafi ekki slysahætta. Húsið má eftir atvikum tengja Bíóbragganum, Gislaverkstæði og Íshúsinu, og nýta fyrir ýmsa starfsemi á svæðinu, í samræmi við markmið deiliskipulagsins.



Bíóbragginn

**Bíóbraggi** var reistur 1944 til samkomuhalds. Húsið var rífið árið 1980. Á lóð Bíóbragga verður heimilt að byggja nýtt hús með mynd / formi bíóbraggans. Einlyft hús með braggiformi og hærri hluti með mænispaki austast. Um endurgerð hússins skal leitað við að afla sem bestra heimilda um braggann og byggja í hans mynd eftir föngum.

Húsið gæti eftir atvikum tengst Verðandi (nýbyggingu á lóð þess), í þágu betri nýtingar þess til starfsemi á svæðinu.

Húsið verður notað fyrir safnastarfsemi og til samkomuhalds, verslunar- eða veitingareksturs, fyrirlestra- og / eða sýninga.

Bílastæði vegna húsnanna eru á sameiginlegum reitum utan lóða.

**Hafnarbraut 2 - Kaupfélagshús**
Kaupfélagshúsið var byggt 1897 sem íbúðarhús, síðar var þar ma. fundaraðstaða ásamt íbúð.

Húsið hefur nú verið gert upp í upprunalegri mynd að utan og lítið breytt að innan. Húsið er þrílyft, steinsteypdur og hlaðinn kjallari og efri hæðimar úr timbri. Þak er mænispak, en bíslag og anddyri utan á aðalhúsinu hafa skúrþak og flatt þak með svölum oná. Heimilt er að halda húsinu við og endurbyggyja í upprunalegri mynd. Á viðbótarreit norðaustan hússins er heimilt að reisa viðbyggingu og / eða bílgeymslu, einnar hæðar hús með skúrþaki, lagað að útliti hússins. Íbúðarhús og / eða atvinnustarfsemi / þjónusta sem hæfir staðsetningunni.

Tvö bílastæði eru heimil á lóðinni, innakstur austan megin, gegnum bílastæðareitinn sem samnýttur er fyrir skipulagssvæðið.

**Hafnarbraut 4 - Kaupfélagsskrifstofur / Humarhöfnin**

Kaupfélagsskrifstofur - Verslunar- og skrifstofuhús var byggt 1937, tvílyft steinsteypd hús með valmapaki. Húsinu er vel við haldið og þar er rekin veitingasala. Heimilt að halda við og endurnýta húsið sem þar stendur eða endurbyggyja í þess mynd.

16 bílastæði eru heimil á lóðinni, aðkoma frá Hafnarbraut. 8 stæði eru framan við húsið ætluð gestum þess, 8 stæði eru aftan við húsið ætluð starfsmönnum. Heimilt er að aka í einstefnu kringum húsið fyrir vöruaðkomu og til að nýta bílastæðin.

**Hafnarbraut 6 - Nýbyggingarlóð**
Heimilt skal að byggja tvílyft hús með mænispaki í stefnu Hafnarbrautar eða valmapaki á lóðinni. Íbúðarhús og / eða atvinnustarfsemi / þjónusta sem hæfir staðsetningunni.

Heimilt skal að byggja skjólvirki á og að húsinu til að skýla inngöngum osfrv., og að byggja skyggni yfir inngöngum að jarðhæð allt að 2m út fyrir byggingarreit. Heimilt skal að byggja svalir á úteggi hússins allt að 2m út fyrir byggingarreit, þó þannig að svalir séu aldrei minna en 3m frá lóðarmörkum aðliggjandi lóðar. 7 bílastæði eru heimil á lóðinni með aðkomu um afleggjara sem liggur að Nýjabæ/Hafnarbraut 8.



Mikligarður / Gislaverkstæði 2008

**Kartöfluhús**
Kartöfluhúsið, tvílyft steinsteypd hús með járnklæddu timburpaki var byggt 1955 fyrir geymslur, en hefur síðar hýst margvætta atvinnustarfsemi. Heimilt skal að halda við og endurnýja húsið sem þar stendur eða reisa nýbyggingu innan byggingarreits, tvílyft steinsteypd hús með mænispök með stefnu byggingarálmannna. Á tvískiptum byggingarreit utan núverandi húss skal heimilt að byggja við húsið, innri byggingarreit er heimilt að fullbyggyja á tveimur hæðum og ytri byggingarreit skal heimilt að nýta hálfan á tveimur hæðum. Form og gerð viðbyggingar skal laga að húsinu sem byggt er við.

Húsið verður notað fyrir atvinnustarfsemi / þjónusta / menningarstarfsemi / safnastarfsemi sem hæfir staðsetningunni og styrkir heildina. Aðkoma og bílastæði að neðri hæð norðan megin og efri hæð sunnan megin, gert er ráð fyrir allt að 20 bílastæðum á lóðinni.

**Sláturhús – aðkoma og bílastæði**
Sláturhúsið stendur utan deiliskipulagssvæðisins, en hluti lóðar þess er innan svæðisins og skilgreint sem sérstök lóð. Á lóðinni er tryggð aðkoma að sláturhúsinu svo starfsemi þar raskist ekki.

**Hafnarvogin**

Lóð hafnarvogarinnar er breytt lítilllega, en gert ráð fyrir óbreyttri nýtingu hennar. Heimilt skal að halda við og endurnýja vogarhúsið sem þar stendur eða endurbyggyja innan byggingarreits. Heimilt skal að halda við og endurnýja búnað vogarinnar framan við húsið.

Gert er ráð fyrir 2 bílastæðum á lóðinni.

**Bryggjur / hafnarsvæði**
Bryggjur og hafnarsvæði sem deiliskipulagið tekur til eru vinnusvæði og skal öll umferð taka mið af því. Umferð almennra ökutækja skal heimil þar með þeim fyrirvörum sem hafnarstjörn tekur ákvörðum um og gerir grein fyrir með merkingum við mörk þeirra svæða sem ákvæðin taka til. Gert er ráð fyrir bílastæðum við lóð Hafnarvogarinnar.


**Gönguleiðir og gróður**
Á deiliskipulagsupprætti eru sýndar gangstéttir meðfram götum. Gert er ráð fyrir að gönguleiðir verði milli húsa og um svæðið þvers og kruss, í þágu starfseminnar sem þarna fer fram. Því er merkt kvöð um gönguleið og umferð gangandi vegfarenda á ýmsum stöðum á svæðinu. Gróður er sýndur á deiliskipulagsupprætti til viðmiðunar en ekki skilyrt, gert er ráð fyrir að lóðarhafar geti ræktað runna til skjólmýndunar. Hugsanlega eru skilyrði til að rækta hærri trjágróður á lóðinni Hafnarbraut 6, en á öðrum hlutum skipulagssvæðisins er hann ekki æskilegur fyrir mynd þess. Á skýringarmynd eru sýnd dæmi um mögulegan frágang svæðisins.



Graðaloftið / Mikligarður 2008



Graðaloftið / Mikligarður 2008



**YFIRLITSMYND ÚR AÐALSKIPULAGI**



Til grundvallar deiliskipulagi þessu liggja úttektir og gögn sem unnin voru að frumkvæði Sveitarfélagsins Hornafjarðar árin 2007-2008.

MIKLIGARÐUR - HAFNARVÍK OG HEPPA, HÖFN Í HORNAFIRÐI
Greinargerð um varðveislu, víðgerðir og endurbætur
Arkitektar Ólöf & Jon ehf, Gláma/Kím arkitektar ehf, R3-ráðgjöf, september 2007

Hafnarvík-Heppa
Ætlanir um varðveislu og uppbyggingu R3-Ráðgjöf og Gláma-Kím arkitektar, febrúar 2008

Hafnarvík-Heppa, Höfn í Hornafirði
Gagnasafn
Gláma-Kím arkitektar og R3-Ráðgjöf

|                                                                                                                     |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Deiliskipulag þetta var samþykkt af Umhverfis- og skipulagsnefnd Hornafjarðar þann                                  |
|                                                                                                                     |
|                                                                                                                     |
|                                                                                                                     |
| f. h. Umhverfis- og skipulagsnefndar                                                                                |
|                                                                                                                     |
| Deiliskipulag þetta, sem fengið hefur meðferð samkv. gr. 41 í lögum nr. 123 / 2010, var samþykkt í bæjarstjórn þann |
|                                                                                                                     |
|                                                                                                                     |
| Bæjarstjóri Hornafjarðar                                                                                            |


Kortagrunnur – Umhverfis- og tæknisvið Hornafjarðar.
Svarthvítar myndir – Sýslusafn Hornafjarðar.
Útmyndir – Gláma-Kím.

|                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                  |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>HAFNARVÍK – HEPPA – HÖFN</b> <div><b>SVEITARFÉLAGIÐ HORNARJÖRÐUR</b></div> <div><b>DEILISKIPULAG</b></div> <div><div><span><span></span></span><b>GREINARGERÐ / SKILMÁLAR</b></div><div><div><div><span></span><div><div><span><span></span></span></div><div><span>Breyting:</span></div></div></div><div><div><span>Útgáfa:</span></div><div><span>Júní 2011</span></div></div><div><div><span></span><div><div><span><span></span></span></div><div><span>Versión:</span></div></div></div><div><div><span></span><div><div><span><span></span></span></div><div><span>Kóli:</span></div></div></div><div><div><span></span><div><div><span><span></span></span></div><div><span>BBJ.KÁ.SK</span></div></div></div><div><div><span></span><div><div><span><span></span></span></div><div><span>Vitf:</span></div></div></div><div><div><span></span><div><div><span><span></span></span></div><div><span>BBJ.SK.ST</span></div></div></div></div><div><div><div><span></span><div><div><span><span></span></span></div><div><span><b>D01.02</b></span></div></div></div><div><div><span></span><div><div><span><span></span></span></div><div><span>–</span></div><div><span>–</span></div></div></div><div><div><span></span><div><div><span><span></span></span></div><div><span>Arktitektar Laugavegi 164 ehf, 105 Reykjavík</span></div></div></div></div></div></div></div></div></div></div></div></div></div></div> |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|





Núverandi ástand 1:1000



Sneiðingar 1:1000

|                   |                                         | lóð m2 | fjöldi | bygginagar- | N – nýting | bílastæði | bílastæði  | bílastæði | fermetrar   |
|-------------------|-----------------------------------------|--------|--------|-------------|------------|-----------|------------|-----------|-------------|
|                   |                                         | eftir  | hæða   | heimild m2  |            | á lóð     | utan lóðar | samtals   | á bílastæði |
| Hafnarbraut       |                                         | 2      | 674    | 3           | 0,5        | 2         |            | 2         | 165         |
| Hafnarbraut       |                                         | 4      | 922    | 2           | 0,5        | 16        |            | 16        | 28          |
| Hafnarbraut       |                                         | 6      | 684    | 2           | 0,3        | 7         |            | 7         | 30          |
| Heppa             | Kartöfluhús                             | 1.590  | 2      | 1.392       | 0,9        | 20        |            | 20        | 70          |
| Heppa/ Vikurbraut | Nýbygging / nýbyggingar                 | 1.325  | 2      | 554         | 0,4        |           | 10         | 10        | 55          |
| Heppa/ Vikurbraut | Gamla búð                               | 571    | 3      | 354         | 0,6        |           | 5          | 5         | 71          |
| Heppa             | Pakkhús                                 | 711    | 2      | 414         | 0,6        |           | 6          | 6         | 69          |
| Heppa             | Mikligarður / Graðaloftið / nýbygging – |        |        |             |            |           |            |           |             |
| Heppa             | Íshúsið / Vindheimur                    | 1.520  | 2      | 1.540       | 1,0        |           | 24         | 24        | 64          |
| Heppa             | Gíslaverkstæði                          | 386    | 1      | 168         | 0,4        |           | 4          | 4         | 42          |
| Heppa             | Nýbyggingar – Verðandi /                |        |        |             |            |           |            |           |             |
| Heppa             | Blóbragginn                             | 549    | 2      | 480         | 0,9        |           | 7          | 7         | 69          |
| Hafnarsvæði       | Hafnarvog                               | 401    | 1      | 120         | 0,3        | 2         | 2          | 4         | 30          |
| Samtals           |                                         |        |        | 6.002       |            | 47        | 58         | 105       | 57          |


Skilmálatafla



Skipulagsuppráttur - 1:1000



Skýringarmynd - 1:1000      Sýnir dæmi um mögulega uppbyggingu og yfirborðsrágang



YFIRLITSMYND ÚR AÐALSKIPULAGI

SKÝRINGAR:

- AFMÖRKUN DEILISKIPULAGS
- NÚVERANDI BYGGINGAR
- BYGGINGAREITUR
- LÓÐAMÖRK
- GATA
- GANGSTÉTT
- HAFNARSVÆÐI - TAKMÖRKUÐ UMFERÐ
- BÆJARSVÆÐI
- MEGIN MÆNISSTEFNA
- KVÖÐ UM GÖNGULEIÐ
- KVÖÐ UM VATNSLÖGN
- BÍLASTÆÐI
- HÚSNÚMER

Deiliskipulag þetta var samþykkt af Umhverfis- og skipulagsnefnd Hornafjarðar þann

f. h. Umhverfis- og skipulagsnefndar

Deiliskipulag þetta, sem fengið hefur meðferð samkv. gr. 41 í lögum nr. 123 / 2010, var samþykkt í bæjarsjórn þann

Bæjarsjórn Hornafjarðar

Kortagrunnur – Umhverfis- og tæknisvið Hornafjarðar.

Sveitarfélagið Hornafjörður

**HAFNARVÍK – HEPPA – HÖFN**  
**SVEITARFÉLAGIÐ HORNARJÖRÐUR**  
**DEILISKIPULAG**

**NÚVERANDI ÁSTAND / TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI / KENNISNIÐ / SKILMALATAFLA**

Útgáfudagur: Júní 2011

Versión: 1.000

Verktali: BBJ.KÁ.SK

Tekni: BBJ.SK.ST

01

**GLÁMA • KÍM**

Arktitektor Laugavegi 144 ehf. 105 Reykjavík  
t: 530-8100, f: 530-8101, sk: 560 496 2739  
glamokim@glamokim.is, www.glamokim.is

TEKNIÐGJAFIÐ HAFNAVÍK HAFNAVÍK HAFNAVÍK HAFNAVÍK HAFNAVÍK HAFNAVÍK HAFNAVÍK HAFNAVÍK HAFNAVÍK HAFNAVÍK